

**Sp.**

## **671. Tillaga til þingsályktunar**

um vetrarveg fyrir bifreiðar yfir Hellisheiði.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú í sumar, með ýtum og öðrum hraðvirkum vinnuvélum, bygging vetrarvegar yfir Hellisheiði frá Kambabrún að láglandinu vestan við Skiðaskálann. Kostnaðurinn greiðist af viðhaldsfé.

### **Greinargerð.**

Þegar akvegurinn var lagður yfir Hellisheiði, var hann miðaður við hestkerrur og flutning að sumarlagi. Þess vegna er vegurinn, eins og vonlegt er, lagður eftir dýpstu dældunum. Hagar allviða á Hellisheiði þannig til á vetrum, að kafhlaup er á akveginum, þar sem bílstjórar eru að brjótast áfram gegnum djúpan snjó milli ýtuskafla, en til beggja handa, örstutt frá þjóðveginum, eru lágir ásar, svo að segja snjólausir. Ef slíkir ýturödningshryggir væru gerðir eftir hæstu hæðunum, mundi í mörgum vetrum vera auðvelt að aka eftir þeim og tilkostnaður um benzín og slit á mönnum og vögnum miklu minna en nú gerist í snjóavetrum. Auk þess mundi verða ódýrara, léttara og verkdrýgra að heita ýtum í snjóavetrum á ruðningi, sem liggur eftir hæðum, heldur en þegar vegurinn liggur niður í snjó-kistum þessa fjallvegar.

Allmikil reynsla, sem styrkir þessa tillögu, er þegar fengin, því að vegamálastjórnin hefur á undanförunum árum lagt góðan og ódýran vetrarveg á háheiðinni. Mun sá kafli vera ca. einn km að lengd, en í viðbót mun þurfa nokkra viðgerð á sjö km svæði. Þó að þörfin sé mikil, mundu bílstjórar, sem oftast eiga leið yfir fjallið, sætta sig við, ef verkið yrði unnið á tveimur árum.

Nú munu sumir mæla, að ekki sé þörf á þessari framkvæmd, þar sem bæði sé unnið að vetrarleið meðfram suðurströndinni og ákveðið að leggja steinsteyptan akveg eftir Þrengslunum niður í Ölfus. En báðum þessum vegagerðum miðar svo hægt áleiðis, að auðséð er, að margur bílstjóri úr austursveitum mun hafa eytt mikilli orku og fé við að flytja fólk og lífsnauðsynjar landsmanna að vetri til yfir Hellisheiði við þau skilyrði, sem kalla má, að ekki séu mönnum þjóðandi, áður en þessir vegir eru fullgerðir. Með þeim vinnutækjum til vegagerðar, sem þjóðin hefur nú yfir að ráða, getur framkvæmd sú, sem hér er mælt með, hvorki talizt erfið né fjárfrek. Og þó að mestu þjáningunum væri bráðlega létt af bílstjórum, sem stunda vetrarflutninga yfir Hellisheiði, þá er engu að síður nógu mikil almenn nauðsyn til að knýja áfram vegagerð milli Selvogs og Krýsuvíkur og hinn mjög nauðsynlega steinsteypta veg frá Elliðaám að Ölfusá til þess að báðum þeim mannvirkjum verði lokið, þegar gjaldgeta þjóðarinnar leyfir. Sú sama nauðsyn, sem leiddi til þess, að vegamálastjórnin lét gera, með góðum árangri, vetrarleið utan um Smiðjulautina er enn að verki. Nálega öll Hellisheiði, frá sléttunni neðan við Skiðaskálann, þarf að fá sína akstursleið austur á Kambabrún, eftir hrygg úr mold og grjóti, sem sópað hefur verið saman með ýtum á mjög ódýran hátt. Þegar þess háttar ruðningur er frosinn, eins og jafnan verður í miklum snjóum, verður hryggurinn góð akbraut, meðan þess þarf mest með.

Það leiðir af sjálfu sér, að við ákvörðun slíkrar vetrarleiðar yrði að láta þá bílstjóra, sem haldið hafa uppi föstum ferðum að vetrarlagi árum saman yfir Hellisheiði, ráða mestu um legu þessarar samgöngubótar. Engir þekkja jafnvel og þeir þá miklu erfiðleika, sem þarf að yfirstiga. Sjálfir eiga þeir mest í hættu um, hversu framkvæmdin tekst.